

**Nd.**

**36. Frumvarp til laga**

**[36. mál]**

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson,  
Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir C. 31 kemur nýr liður:

*Múlavegur:* Frá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Unnið hefur nú verið að vegagerð fyrir Ólafsfjarðarmúla í tvö sumur. Var á undan gengin rannsókn sérfræðinga vegamálastofunnar, sem töldu þessa vegagerð vel framkvæmanlega.

Vegargerð þessi er Ólafsfirðingum mjög mikið áhugamál. Hafa forustumenn kaupstaðarins unnið af kappi að því að hrinda vegargerðinni áleiðis. Jafnframt hefur almennur áhugi bæjarbúa verið svo mikill, að vegargerðin var hafin fyrir gjafafé sumarið 1953. Vegamálastjóri sýndi málinu einnig strax mikinn skilning og velvild og lagði í fyrra fram af fjallvegafé nokkra fjárhæð til byrjunarframkvæmda.

Í sumar hefur vegargerðinni verið haldið áfram, og voru veittar til hennar 50 þús. kr. af fjallvegafé. Hefur nú verið ruddur 6—7 m breiður vegur nær 3 km út í Múlann frá Ólafsfjarðarkaupstað. Er nú komið yfir annað erfiðasta gilið. Mun vegargerðin hafa gengið vel.

Á síðasta þingi var lagt til, að Múlavegur yrði tekinn í þjóðvegatölu, en málið náði þá ekki fram að ganga.

Flutningsmenn þessa frv. telja hér vera um svo mikilvæga vegargerð að ræða, ekki aðeins fyrir Ólafsfirðinga, heldur einnig íbúa nálægra héraða, að þeir telja nauðsynlegt að hraða lagningu vegarins eftir föngum, en það verður ekki, nema vegurinn sé tekinn í vegalög.

Frv. þetta er flutt í samráði við 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson.

Fylgiskjal.

Bréf bæjarstjórnar Ólafsfjarðar til þm. Eyfirðinga, Siglfirðinga, Akureyrar og Skagfirðinga 5. okt. 1953.

Þegar þess er gætt, að Akureyri er nú orðin sams konar viðskipta- og menningarstöð fyrir Norðurland eins og Reykjavík er fyrir Suður- og Suðvesturland, er ljós sú mikla nauðsyn fyrir nærliggjandi byggðalög við Akureyri að fá þangað betra og styttra vegasamband. Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla frá Ólafsfirði til Dalvíkur yrði 18 km langur og styttr vegalengdina frá Siglufirði og Fljótum til Akureyrar og alls Norðaustur- og Austurlands um 70—80 km., frá Ólafsfirði um 152 km og frá Ólafsfirði til Dalvíkur um 226 km. Það má því með réttu segja, að þetta vegasamband yrði til meiri og minni samgöngubóta allt frá Siglufirði og Fljótum til Norðaustur- og Austurlands.

Fyrir Ólafsfjörð er þetta vegasamband þó sennilega hvað mest aðkallandi og mundi óefað gerbreyta til batnaðar samgöngumálum þar og verða stórkostleg lyftistöng fyrir atvinnu- og menningarlíf Ólafsfjarðar og enda Siglufjarðar líka.

Nú sem stendur er samgöngum haldið uppi milli Akureyrar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með skipi, er gengur tvisvar í viku milli þessara staða, og er þessum ferðum haldið uppi með ríkisstyrk, er nemur hundruðum þúsunda króna á ári. Auk þess sem þessar samgöngur eru með öllu ófullnægjandi, er hér um að ræða mikinn árlegan útgjaldalið fyrir ríkissjóð, er ætti í það minnsta að lækka verulega, ef nefnt vegasamband kæmist á.

Vegamálastjóri hefur látið athuga vegstæði á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, og telur hann, að ekki sé um að ræða aðra leið en fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Um það vegastæði er það að segja, að það er eins og gengur og gerist hér á landi, að undanskildum ca. 900 m kafla framan í Ólafsfjarðarmúla, en þar mun allviða þurfa að gera öryggisráðstafnir.

Nú þegar hafa verið ruddir og gerðir bílfærir rúmir 2 km út eftir skriðunum Ólafsfjarðarmegin í Múlanum, og eru þá óruddir um 600 m út að fyrrnefndum 900 m kafla.

Vegastæðið mun hvergi fara yfir 200 m hæð yfir sjó, og verður vegurinn því að mestu hallalaus. Um krappar beygjur verður ekki að ræða, og kunnugir menn telja, að ekki sé hætt á grjóthruni í Múlanum, og skriðuhlaup hafa ekki orðið þar, svo að teljandi sé, í fjöldamörg ár, en snjóflóð hafa orðið í 2 giljum.

Í Ólafsfirði og víðar ríkir almennur áhugi fyrir þessu vegsambandi og hafa margir einstaklingar lagt fram nokkurt gjafafé til þessarar vegagerðar og kaupstaðirnir Akureyri og Ólafsfjörður samþykkt nokkurt fjárframlag.

Er þess vænt, að háttv. Alþingi samþykki frumvarp það, er lagt hefur verið fram um, að Ólafsfjarðarmúlavegur verði tekinn upp í þjóðvegatölu og veitt verði til hans á þessu Alþingi sem ríflegast fjárframlag.

Ólafsfirði, 5. október 1953.

Bæjarstjórinn í Ólafsfirði,

Ásgrímur Hartmannsson.

Forseti bæjarstjórnar Ólafsfjarðar,

Sig. Guðjónsson.